

29. fundur í háskólaráði Lbhí haldinn á Hvanneyri 10. nóvember 2011 kl. 10:00. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Jón Torfi Jónasson, Ásmundur Einar Daðason, Auður Sveinsdóttir (varamaður), Sigríður Jóhannesdóttir (varamaður), Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Emma Eyþórsdóttir (Auður Sveinsdóttir varam), Orri Páll Jóhannsson (Sigríður Jóhannesdóttir varam), Haraldur Benediktsson, Þórhallur Bjarnason og Álfheiður Sverrisdóttir.

1. Fundargerð 28. fundar lögð fram og ályktun fundarins um málefni nemendagarðanna fylgt eftir með stuttri umræðu. Fundargerð samþykkt án athugasemda.
2. Þróun mála frá síðasta fundi. Rektor reifaði þau mál sem efst hafa verið á baugi í starfi Lbhí á haustmánuðum. Fram kom m.a. að nú stendur yfir stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Lbhí og er úttektarskýrsla væntanleg í byrjun nýs árs. Tveggja ára formennsku Lbhí í NOVA samstarfinu lýkur um næstu áramót og hefur starfið gengið vel þennan tíma. Rektor Háskóla SÞ heimsótti Landgræðsluskólann nú í nóvember en skólinn hefur nú hlotið fastan sess sem hluti af þróunaraðstoð Íslendinga og einnig sem hluti af háskólakerfi SÞ. Samstarf opinberu háskólanna gengur samkvæmt áætlun og við úthlutun úr hvata- og þróunarsjóði samstarfsins komu fram margar hugmyndir um ný sameiginleg verkefni skólanna á sviði kennslu. Verið er að innleiða nýjar aðferðir við gæðamat íslenskra háskóla sem m.a. byggir á innri- og ytri úttektum og fyrir Lbhí liggur að gera sjálfsmatsskýrslu um stöðu gæðamála.
3. Fjármál. ÞTJ lagði fram yfirlit yfir horfur í rekstri 2011 og 2012. Horfur eru á að rekstur ársins 2011 verði í jafnvægi en rekstraráætlun ársins 2012 mun liggja fyrir í lok nóvember. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2012 er fjárveiting til skólans 556,8 mkr. sem er 4,96% hækkun frá fjárlögum 2011 og skýrist hækkunin alfarið af hækkun launa vegna kjarasamninga. Aðrir fjárlagaliðir sem snerta rekstur skólans eru fjárveiting vegna samnings við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem er 156,1 mkr. og fjárveiting til Landgræðsluskóla sem er 69,6 mkr. Þá er fjárveiting til hagskýrslugerðar og hagrannsóknna í landbúnaði 22,4 mkr. og kemur fram í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að samið verði við Landbúnaðarháskóla Íslands um þau verkefni að miklu leyti. Hagþjónusta Landbúnaðarins sem sinnt hefur þessum verkefnum hingað til verður lögð niður um áramótin. Nokkur umræða varð um þetta en hlutverk Lbhí í málinu er enn nokkuð óljóst þar sem samningur liggur ekki fyrir. Eftirfarandi ályktun var samþykkt: *Í ljósi þess að nú um áramótin mun starfstími Hagþjónustu Landbúnaðarins renna út leggur háskólaráð áherslu á að hið bráðasta verði gerður samningur milli Lbhí og Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis um verkefni á sviði hagfræði landbúnaðarins. Mikilvægt er að tryggja ekki skapist óvissa um verkefni Hagþjónustunnar, verkefnanna sjálfra vegna sem og starfsfólksins sem þeim sinnir nú.*

Þá var rætt um uppsafnað tap af rekstri Lbhí sem er um 240 mkr og skýrist af neikvæðum rekstri til og með ársins 2008. Menntamálaráðuneytið hefur viðrað hugmyndir um lausn málsins m.a. við fjármálaráðuneyti en ekki fengið viðbrögð. Í umræðum kom fram að nú þegar rekstur skólans er kominn í jafnvægi sé mjög brýnt að losna við þennan fortíðarvanda sem æ ofan í æ leiðir til ósanngjarnrar umræðu um skólann og truflar samskipti hans við stjórnslu og fjárveitingavald. *Samþykkt var að háskólaráð, í samráði við*

menntamálaráðuneyti, sendi formlegt erindi til fjármálaráðherra um lausn málsins og óski jafnframt eftir fundi með ráðherranum.

4. Framtíð tilraunastöðva Lbhí. Möðruvellir ehf sem er einkahlutafélag í eigu búnaðarsambandanna á norðurlandi hefur frá 1. maí 2009 annast búrekstur á tilraunastöð Lbhí á Möðruvöllum í Hörgárdal. Forsvarsmenn félagsins hafa nú lýst yfir áhuga sínum á því að láta reksturinn frá sér aftur til Lbhí eða til annarra aðila. Rætt um stöðu og þarfir Lbhí að þessu leyti og fram komu þau sjónarmið að mikilvægt sé að skólinn meti framtíð núverandi starfsemi með hliðsjón af þeim áherslum sem framundan eru í vísindastarfi hans og að í því ljósi beri einnig sérstaklega að skoða möguleika til nýrra verkefna á Möðruvöllum.
5. Græna hagkerfið. ÁS kynnti hugmyndir sem Lbhí og Bændasamtök Íslands hafa í sameiningu mótað um að íslenskur landbúnaður verði sjálfbær í orkumálum. Óskað hefur verið eftir fjárveitingu vegna málsins en hugmyndirnar falla vel að stefnu stjórnvalda um græna hagkerfið sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Háskólaráð fagnar hugmyndunum og hvetur til öflugrar sóknar skólans á þessu sviði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Næsti fundur fyrirhugaður 15. Desember nk.